

Um refsimeðferð mála hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins

1. INNGANGUR

Skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur tekið saman eftirfarandi upplýsingar um refsimeðferð vegna mála sem rannsökuð hafa verið hjá embættinu. Refsimeðferð er í því fólgin að skattrannsóknarstjóri hlutast til um að þeim einstaklingum og lögaðilum sem taldir eru bera refsíabýrgð vegna brota á skattalögum, sem rannsóknir hafa leitt í ljós, sé gerð refsing lögum samkvæmt.

2. REFSIMEÐFERÐ

Nær undantekningarlaust sæta mál sem rannsökuð hafa verið hjá skattrannsóknarstjóra refsimeðferð. Í einstaka tilfellum kemur ekki til refsimeðferðar, s.s. ef refsilokaástæður eru fyrir hendi eða ef sakir eru litlar. Refsimeðferð getur verið með þrennu móti; 1) sektarmeðferð hjá skattrannsóknarstjóra, 2) sektarmeðferð hjá yfirskattanevnd eða 3) sakamálemeðferð hjá dómstólum að undangenginni rannsókn hjá embætti héraðssaksóknara og útgáfu ákæru. Ákvörðun skattrannsóknarstjóra um hver þessara leiða skuli valin fer fyrst og fremst eftir því hve alvarleg brot er um að ræða. Þau brot sem þykja alvarleg sæta sakamálemeðferð en minna alvarleg mál sæta sektarmeðferð yfirskattanevndar eða skattrannsóknarstjóra. Skilyrði afgreiðslu máls með sektarmeðferð skattrannsóknarstjóra og með sektarmeðferð yfirskattanevndar er að sökunautur hlíti slíkri afgreiðslu málsins.

3. SÖKUNAUT GEFINN KOSTUR AÐ TJÁ SIG

Áður en skattrannsóknarstjóri tekur ákvörðun um refsimeðferð skal hann, ef þess er kostur, gefa sökunaut tækifæri á að tjá sig um fyrirhugaða ákvörðun. Er það gert um leið og tilkynnt er um lok rannsóknar. Í alvarlegustu málunum getur þó komið til þess að ákvörðun sé tekin án þess að sökunaut sé veitt tækifæri til að koma að athugasemdum. Óski sökunautur eftir því að máli hans verði vísað til rannsóknar hjá héraðssaksóknara er skattrannsóknarstjóri bundinn af þeirri ósk.

4. SEKTARMEÐFERÐ HJÁ SKATTRANNSÓKNARSTJÓRA

Ef mál telst að fullu upplýst og brot varðar ekki hærrí sektarfjárhæð en 6 milljónum króna getur skattrannsóknarstjóri boðið sökunaut að ljúka málinu með stjórnvaldssekt. Boðuð sektarfjárhæð er þá tilkynnt sökunaut. Ef sökunautur óskar eftir að ljúka máli með þessum hætti gengst hann skriflega undir sektargerð á

skrifstofu skattrannsóknarstjóra. Hafni sökunautur sektarboðinu tekur skattrannsóknarstjóri ákvörðun um hvort málið verði fengið yfirskattanevnd til sektarmeðferðar eða því vísað til rannsóknar héraðssaksóknara. Vararefsing fylgir ekki sektarákvörðunum skattrannsóknarstjóra. Um innheimtu þeirra sekta gilda sömu reglur og um innheimtu viðkomandi skatta.

5. SEKTARMEÐFERÐ HJÁ YFIRSKATTANEFND

Ef skattrannsóknarstjóri tekur þá ákvörðun að vísa máli til sektarmeðferðar hjá yfirskattanevnd er sökunaut tilkynnt sú ákvörðun. Þegar sektarkrafa skattrannsóknarstjóra hefur borist yfirskattanevnd veitir hún sökunaut frest til að koma að andmælum og athugasemdum við kröfugerðina. Að fresti liðnum og eftir atvikum að teknu tilliti til athugasemda, kveður yfirskattanevnd upp úrskurð í sektarmálinu. Kann sökunaut að vera gert að greiða sekt eða þá að synjað er kröfu um sekt. Einnig getur málinu verið vísað frá. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum yfirskattanevndar. Um innheimtu þeirra sekta gilda sömu reglur og um innheimtu viðkomandi skatta. Eins og fyrr segir er afgreiðsla máls af yfirskattanevnd háð því að sökunautur hlíti henni. Ef sökunautur hafnar afgreiðslu yfirskattanevndar er málinu vísað til meðferðar héraðssaksóknara. Hið sama gildir ef máli er vísað frá yfirskattanevnd vegna þess að ekki næst í sökunaut.

6. RANNSÓKN HÉRAÐSSAKSÓKNARA OG SAKSÓKN FYRIR DÓMI

Verði niðurstaða skattrannsóknarstjóra sú að vísa máli til rannsóknar héraðssaksóknara er sökunaut að jafnaði tilkynnt um þá ákvörðun skattrannsóknarstjóra. Eftir það er forræði málsins alfarið í höndum embættis héraðssaksóknara. Að lokinni rannsókn máls hjá héraðssaksóknara tekur saksóknari embættisins ákvörðun um framhald þess; með útgáfu ákæru ef tilefni þykir til, eða með því að fella málið niður sé það ekki talið líklegt til sakfellis fyrir dómi. Skattrannsóknarstjóri kann þó að kæra þá niðurfellingu. Dæmdar refsingar geta verið sektir og þá fangelsi til vara greiðist þær ekki og einnig fangelsisrefsing.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins
Borgartúni 7
105 Reykjavík
Sími: 550 8800
www.srs.is
Netfang: srs@srs.is